

23.10.2000

Hr. verkfræðingur,
Eyjólfur Árni Rafnsson
Verkfræðistofan Hönnun
Síðumúla 1
108 Reykjavík

Mat á loftmengun vegna útblásturs bifreiða vegna breikkunar Reykjanesbrautar.

Samkvæmt beiðni yðar höfum við lagt mat á loftmengun vegna útblásturs bifreiða á fyrirhugaðri Reykjanesbraut frá Krísvíkurvegi að Garðskagavegi. Við mat á loftmenguninni er tekið mið af niðurstöðum skýrslunar: “Útreikningar á loftmengun á Reykjanesbraut við Mjódd.” Verkfræðistofan Vatnaskil (2000). Hámarksútblástur var þar áætlaður tæplega 80.000 bílar á sólarhring. Með hliðsjón af niðurstöðum þeirrar skýrslu, þar sem öllum kröfum mengunarvarnareglugerðar var uppfyllt má draga eftirfarandi ályktanir fyrir ofangreindan kafla Reykjanesbrautar þar sem mesta sólarhringsútblástur árið 2030 er áætluð 15000 bílar.

1. Styrkur kolmónoxíðs (CO) er langt innan þeirra marka sem sett eru í mengunarvarnareglugerð.
2. Styrkur köfnunarefnistvíoxíðs (NO₂) er vel undir þeim mörkum sem sett eru í mengunarvarnareglugerð fyrir öll meðaltöl.
3. Styrkur svifryks, blýs og brennisteinstvíoxíðs er vel undir þeim mörkum sem sett eru í mengunarvarnareglugerð. Varðandi óson er óljóst hvaða áhrif umferð hefur á styrk ósons.
4. Styrkur köfnunarefnistvíoxíðs (NO₂) er vel undir viðmiðunarmörkum sem sett eru í EES samningi og gilda eftir 2010.

Við vonum að ofangreindar upplýsingar komi að gagni og erum að sjálfsögðu reiðubúnir til frekara samstarfs.

Virðingarfyllt,

Snorri Páll Kjarran